



ÍSAFJARÐARBÆR
umhverfis- og eignasvið

Ísafjarðarbær
MÓTTEKIÐ

13. okt. 2020

Málsnr. 2020-05-0069
Frumrit - skilist til skjalasafns

Umsókn um lóð fyrir ~~íbúðarhús~~ ^{SUMARBUSTAÐ}

Hér með er þess farið á leit að bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar veiti undirrituðum byggingarlóð fyrir:

Einbýlishús Raðhús.....íbúða Fjölbýlishús.....íbúða
~~SUMARBUSTAÐ~~ (setjið kross í viðeigandi reit)

við DAGVERÐARDALEN nr: 7.
(nafn götu eða hverfis)

til vara: _____

Fullt nafn: MARZELLUS Sveinbjörn Kennitala: 040259-3259

Heimilisfang: SUNDSTRÆTI 30. sími. 860.2122

Ísafirði, 12-10-2020

ATN:


undirskrift umsækjanda

Meðfylgjandi er greinargerð sem umrættjandi vill að fylgi með til nefndarinnar.

Móttekið dags:	Athugasemdir:
_____	_____
Afgreitt dags:	_____
_____	_____



Ísafjarðarbær
b/t skipulags- og mannvirkjanefndar Ísafjarðarbæjar

Ísafirði 11.10. 2020

Efni: Umsókn nr. 2 um lóð nr. 7 í Dagverðardal til byggingar frístundahúss (2020050069)

Hér með sækir undirritaður öðru sinni um lóð nr. 7 í Dagverðardal til byggingar frístundahúss. Á 539. fundi skipulags- og mannvirkjanefndar þann 10. júní sl. var tekin fyrir umsókn undirritaðs um sömu lóð í Dagverðardal fyrir sumabústað. **Um er að ræða lóð sem áður var byggð og er í aðalskipulagi.** Nefndin frestaði umsókninni með eftirfarandi bókun:

Skipulags- og mannvirkjanefnd frestar erindinu þar sem ekki er til gilt deiliskipulag yfir svæðið.

Skipulagsfulltrúi leggur til við bæjarstjórn að heimila vinnu við nýtt deiliskipulag Dagverðardals.

Á þeim forsendum að um sé að ræða lóð sem áður var í byggð og er í aðalskipulagi, eins og kemur fram hér að ofan, þá telur undirritaður að bókunin eigi ekki við. Að auki bókar nefndin að skipulagsfulltrúi leggi til við bæjarstjórn að heimila vinnu við nýtt deiliskipulag Dagverðardals. Það hefur ekkert með erindi undirritaðs að gera og ætti að vera undir öðru málnúmeri.

Á 527. fundi skipulags- og mannvirkjanefndar þann 9. október 2019 samþykkti nefndin umsókn um lóð nr. 49 í Tunguskógi (lóð sem áður var byggð og er í aðalskipulagi).

Á 416. fundi skipulags- og mannvirkjanefndar þann 25. júlí 2014 samþykkti nefndin umsókn um lóð nr. 68 í Tunguskógi (lóð sem áður var byggð og er í aðalskipulagi).

Í 23. grein skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, þar sem fjallað er um deiliskipulag, segir í þriðju málsgrein:

Þar sem deiliskipulag liggur ekki fyrir í þegar byggðum hverfum getur sveitarstjórn veitt heimild til framkvæmda að undangenginni grenndarkynningu, sbr. 7. mgr. 43. gr.

Í tilfelli lóðarinnar sem undirritaður sækir um, sem og í tilfelli lóðanna í Tunguskógi er um lóðir að ræða sem eru í aðalskipulagi og voru áður byggðar. **Hverju sætir þessi viðsnúningur í meðferð umsókna?**

Á það skal einnig bent að áður hefur tveimur lóðum verið úthlutað í Dagverðardal. Þegar það var gert lá samþykkt deiliskipulag ekki fyrir, og gerir ekki enn. Hvorki í Tungudal né í Dagverðardal.

Undirritaður telur ljóst að hér sé um skýrt brot á jafnræðisreglu stjórnsýslulaga nr. 37/1997 að ræða, því hafi stjórnvald veitt ákveðnu sjónarmiði aukið vægi beri að leggja áherslu á sama sjónarmið í sambærilegum málum.

Jafnframt telur undirritaður að ekki hafi verið farið að ákvæðum laganna varðandi rannsóknarregluna, þ.e. að málið hafi ekki verið upplýst með nægjanlegum hætti áður en ákvörðun var tekin í því. Markmiðið með rannsóknarreglunni er að tryggja réttaröryggi, að stjórnvald hafi réttar og fullnægjandi upplýsingar um málsatvik svo hægt sé að komast að efnislega réttri niðurstöðu.

Að lokum orkar tvímælis að nefndin hafi haft í huga meðalhófsregluna við þessa afgreiðslu, þar sem stjórnvald skal því aðeins taka íþyngjandi ákvörðun þegar markmiði, sem að er stefnt, verður ekki náð með öðru og vægara móti. Skal þess þá gætt að ekki sé farið strangar í sakirnar en nauðsyn ber til.

Hefð er fyrir því að lóðir sem ekki ganga út séu ekki auglýstar á ný, heldur fái sá sem næst sæki um. Dæmi um slíkt eru t.d. umsóknir um lóðir í Tunguhverfi. Enginn tímarammi eða verklag virðist vera um hvenær lóð skuli auglýst á ný og hvenær ekki.

Það skal tekið fram, áður en lengra er haldið, að hyggist sveitarfélagið byrja að auglýsa lausar lóðir, eftir að hafa látið það hjá líða í mörg ár, þá ber því lagaleg skylda til þess að kynna þá breytingu. Það hefur ekki verið gert. Vísað er til breytinga á stjórnsýsluframkvæmd, þ.e. breytingin verður að vera almenn, hana verður að kynna og svo má einnig vísa til réttmætra væntinga en þær hafa sérstaka þýðingu þegar stjórnsýsluframkvæmd hefur verið breytt. Þegar réttmætar væntingar eru ekki skoðaðar má segja að ákvörðunin gangi í berhögg við lög. Undirritaður hafði réttmætar væntingar, þ.e. að hann bjóst við að ákvörðun nefndarinnar yrði í samræmi við fyrri ákvarðanir. Sjá álit Umboðsmanns Alþingis nr. 3307/2001 um sjónarmiðið um réttmætar væntingar.

Undirritaður skilaði inn lóð sem hann hafði fengið samþykka í Dagverðardal vegna beiðnar fyrirverandi byggingafulltrúa. Þá höfðu átt sér stað mistök í skipulagsmálum sem ekki sá fyrir endann á og undirritaður vildi sýna skilning og vinna með sveitarfélaginu. Nokkru síðar fékk undirritaður bréf þar sem lóðin var kölluð inn vegna þess að undirritaður hafði ekki skilað inn teikningum. Fyrir ósamþykka lóð. Sem hann hafði samþykkt að skila inn.

Undirritaður óskar eftir því við nefndina að hún taki þetta mál fyrir hið fyrsta og skoði röksemdafærsluna sem liggur að baki því að hann sæki um lóð nr. 7 í Dagverðardal á ný.

Með vinsemd og virðingu
Marzellíus Sveinbjörnsson